

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 22. febrúar 2006.

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á I. um hlutafélög nr. 2/1995 (436. mál)**

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem fjallar um opinber hlutafélög.

Kostir þess að breyta stofnunum í hlutafélag eru aðallega þeir að það einfaldar einkavæðingu í kjölfarið auk þess sem ábyrgð stjórnenda er skýrari. Gallarnir eru hinsvegar þeir að stofnanir sem verða að hlutafélögum hafa meiri tilhneingingu til að hegða sér eins og einkaaðilar, t.d. er aukin hætta á því að stofnunin hefji samkeppni við einkaaðila. Það hefur lengi verið stefna Viðskiptaráðs að ríkið eigi að hætta þeirri starfsemi sem einkaaðilar geta innt jafn vel eða betur af hendi. Ráðið telur því að almennt sé heppilegt að breyta stofnun ekki í hlutafélag nema það sé gert sem undanfari einkavæðingar.

Lagt hefur verið fram annað frumvarp um sama efni (mál 404). Frumvarp það er hér er til umsagnar er efnislega sambærilegt hinu að því undanskyldu að í því er bætt við takmörkunum á einkavæðingu opinberra hlutafélaga og rétt þingmanna til afskipta af félagunum. Í ljósi þess sem að ofan greinir leggst Viðskiptaráð gegn því að settar verði hömlur á einkavæðingu opinberra hlutafélaga. Rekstur stofnana og hlutafélaga í eigu ríkis eru framkvæmdavaldsathöfn en ekki löggjafarvaldsathöfn. Ráðið sér því ekki ástæðu til að veita þingmönnum aðkomu að rekstri opinberra hlutafélaga.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllt,  
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

---

Davíð Þorláksson